

Stj.tíð. B, nr. 622/1987.

Auglýsing um friðlýsingu Eldborgar undir Geitahlíð.

Samkvæmt heimild í 22. gr laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hafa [Umhverfisstofnunar] og náttúruverndarnefnd Grindavíkur ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Stóru - Eldborg og Litlu - Eldborg undir Geitahlíð, Grindavík, ásamt næsta nágrenni.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru eftirfarandi:*

Að norðan fylgja þau mörkum hrauns og hlíðar, 200 m austur fyrir nyrstu gíga í gígaröð Litlu - Eldborgar. Þaðan hugsast bein lína í austurhorn hrauntraðar frá Litlu - Eldborg um 225 m sunnan borgarinnar. Síðan bein lína í vestnorðvestur að þjóðvegi, eftir honum að vesturjaðri hraunsins frá Stóru - Eldborg. Að vestan fylgja mörkin hraunjaðrinum.

*Eftirfarandi reglur gilda um svæðið:*

1. Gjalltaka og mannvirkjagerð er óheimil, svo og hvers konar jarðrask, sem breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.
2. Skylt er vegfarendum að sýna varúð, svo að ekki spillist gróður eða aðrar minjar á hinu friðlýsta svæði umhverfis eldstöðvarnar.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.
4. Beitarréttindi skulu haldast svo sem verið hefur.

Til undanþágu frá reglum þessum þar leyfi [Umhverfisstofnunar] og náttúruverndarnefndar Grindavíkur.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1987

Birgir Ísl. Gunnarsson

---

Runólfur Þórarinsson